

Fréttabréf ÍRA




1. ÁRGANGUR.

8. TÖLUBLAÐ.
OKTÓBER 1979.

UM DIPLEXER OG FLEIRA

Í brólti mínu undanfarin ár við að smíða mér nothæft viðtæki fyrir amatörtíðnir (80m og 15m) hef ég hallast að notkun blandara (mixer, product detector) með díóðum. Slíkir blandarar hafa þá kosti að þeir eru breiðbandaðir (broad-band), því má nota sama blandarann fyrir allt hátíðnisviðið, og þeir þola sterk merki inn á sig án óæskilegra auka-verkana (svo sem krossmótunar). Sá böggull fylgir þó skammrifi að þeir deyfa innmerkið (um ca 3-6 dB) og til að vinna rétt, þarf rásin sem á eftir kemur að hafa fast og lágt inngangsvið-nám (dæmigert 50-100 ohm) á þeim tíðnum sem um ræðir. Þetta síðast-nefnda er einkum til ama í lokablandara hásláttarviðtækja (superhet.-) og í lágsláttarviðtækjum (direct oonverslon-), því þá er merkið sett inn á hljóðmagnara sem venjulega hafa innviðnám 1-10 kohm.

Rásin sem sýnd er hér á eftir er venjuleg lágheypisía (low-pass-filter) með dálítilli viðbót af minni hálfu og hentar vel sem milli,-stig milli díóðublandar og hljóðmagnara. Upphaflega rásin er birt



í „Solid State Design for the Radio Amateur” frá ARRL, bls 77. Í upphaflegu rásinni er C_1 tengdur beint til jarðar, það veldur því að gagnvart hátíðnimerki verkar þéttirinn sem skammhlaup, en á hljóðtíðnum (1 kHz) er $X_{C1} = 1600$ ohm.

Með viðbótinni (R_1 og RFC_1) breytist hátíðni (RF) -verkunin, því þá hefur RFC_1 - hátt syndarviðnám (impedans), þ.e. um 1 kohm v. 3 MHz

og hátíðnistraumurinn fer allur gegnum R_1 til jarðar, og blandarinn tengist því inn í 50 ohm á hátíðnum.

Á hljóðtíðnum virkar RFC₁ sem skammhlaup og R_1 hefur engin áhrif. Slíkar rásir sem eru hannaðar til að hafa sama innviðnám á a.m.k. tveimur tíðnum og hleypta þeim óæskilegu til jarðar eru nefndar „diplexer-rásir“ á útlensku. Auk þess að virka sem „diplexer“ er rásin líka lághleypisía með Q u.þ.b. 3.

Vilji menn fræðast meira um díóðublandara og aðrar einfaldar og flóknar rásir sem nota má við viðtækja- og sendasmíðar, bendi ég mönnum eindregið á bókina „Solid State Design“.

73's de TF3ANN.

Lest þú Sjálfsbjörg, tímarit landssambands fatlaðra ? Ef svo er, hefur þú að líkindum rekizt á grein um amatórradíó í nýjasta heftinu. Um höfund er ekki getið, en greinilegt er að hann/hún hefur kynnt sér efnið allvel. Einkum er sagt frá tengslum fatlaðra og amatórradíós í Noregi, en þar munu vera um 300 hreyfihamlaðir og blindir radíóamatörar. Nærri má geta að tólmstundaiðja sem þessi getur skipt þetta fólk margfalt meiru en okkur sem blessunarlega eigum ekki við nein slík vandamál að etja. Í Noregi mun Póstur & sími gefa út svonefnd ML-leyfi til bráðabirgða fyrir fatlaða og blinda, en síðan er skilyrði að þeir þreyti venjulegt amatörpróf til að öðlast endanlegt amatörleyfi. Ef þú hefur áhuga á málinu, kauptu eintak af Sjálfsbjörg og kynntu þér efnið betur. Þú styrkir líka gott málefni í leiðinni.

Punktur úr ársskýrslu „ARRL DX ADVISORY COMMITTEE 1979“:

- Tillaga um að Peter Isl. væri tekin inn á DXCC-listann sem sér land var samþykkt, en síðar felld af „ARRL Award Committee“.
- St. Barthelemy Isl. var ekki samþykkt inn á DXCC-listann.
- Ashmore- og Cartler Isl. voru ekki samþykktar á DXCC sem land.
- Tillaga um að taka Kamaran Isl. út af DXCC-listanum var felld.
- Tillaga um að taka Taiwan út af DXCC-listanum var felld.

...75 de TF5DC.

\$

NÚ er rétti tíminn til að greiða árgjaldið, ef það hefur gleymzt. Eins og sjá má á félagsheimilinu, er búið að leggja í það óhemjumikla vinnu og enn er verið að. Þitt framlag getur komið sér betur en þig grunar.

Leggja niður RST-kerfið ?? Því stingur Ralf, DL7DO, upp á. Eins og alkunna er, hefur RST-kerfið verið í notkun “svo lengi sem elztu menn muna” og Ýmislegt sem áður var sjálfsagt er úrelt nú. T.d. hvenær gefur þú viðmælanda á CW annað en T9? Það er kannski helzt ef sérlega illa liggur á þér (Fréttabréfið að brydda upp á árgjaldinu enn eina ferðina og þú ert rétt búinn að fá skatt-seðilinn inn um lúguna...) að þú sendir grimmúðlegt RST 557CH, kannski til alsaklauss Rússa, sem er í sjöunda himni yfir að hafa náð TF í fyrsta skipti. Eða sendirðu Nýsjálandinginum 229 þegar þig vantar kortið hans í safnið þitt? Kannski sendirðu 559 og bætir við QRM/QSB rétt si svona til að afsaka hálfleiðinleg skilyrði.


Með þeim sendingagæðum sem eru orðin almenn hjá amatörum nú, með sífelldu betri tæki, leggur Ralf til að tekið verði upp Q-kerfið, þar sem Q stendur fyrir enska orðið quality. Kerfið verður þá þannig:

- Q-1: Ófullnægjandi móttaka, ólæsilegt.
- Q-2: Sæmileg móttaka, fyllilega læsilegt.
- Q-3: Góð móttaka, vel læsilegt.

Með Q á Ralf við móttökuna í almennasta skilningi, þ.e. styrk, QRM/QSB (sem þó mætti hnýta aftan við sem fyrr til áherzlu), tón-gæði CW-sendingar, jafnvel færni viðmælendans o.s.frv.

Svona kerfi hefur þó ýmsa ókosti í för með sér og er nóg að benda á nokkra í lokin:

1. Breytingin yrði of róttæk.
 2. QSL-kort og radiódagbækur okkar núna yrðu ónothæfar.
 3. Góð hugmynd, en borgar sig ekki.
 4. Stjórn ÍRA yrði á móti.
 5. Hugmyndin nýtur ekki fylgis meðal amatöra.
 6. Setjum málið í nefnd.
 7. Umheimurinn mun draga dár að okkur.
 8. Loftkastalar.
 9. Hefur nokkur reynt þetta? 10. Sofum á málinu.....
- (Lauslega þýtt og ríflega stytt úr OTC) -3KX.



QSL-sendingar aukast stöðugt frá íslenskum radíóamatörum, að sögn TF3AC. Árið 1977 voru send héðan samtals 7173 kort, 1978 voru þau 12788 og það sem af er 1979 eru þau orðin 10716 (1. sept.). Þannig má lauslega áætla að með sama áframhaldi verði samanlagður útsendur kortafjöldi orðinn milli 14000 og 15000 um næstu áramót. Guðjón segir nú 10 manns skulda sér fyrir QSL-sendingar og hvetur þá til að gera upp við sig hið fyrsta, enda verði OSL-sendingar stöðvaðar frá þeim að öðrum kosti. Eins og oft hefur verið bent á, er kostnaði við „QSL-buro-ið” okkar haldið í algjöru lágmarki og hvað eftir annað hefur Guðjón hlaupið sjálfur undir bagga er póstburðargjöldin hafa hækkað. Því er öllum fyrir beztu að hreinsa upp skuldirnar og gera hreint fyrir sínum dyrum hið fyrsta...

TEIKNARI-TEIKNARI... Hvernig er það með dráttþaga menn í félaginu?? Erum við öll með 10 þumalfingur, eða leynast ekki einhverjir sæmilega teiknandi menn meðal þessara félaga sem skráðir eru í félagatalið? Eins og margir hafa eflaust rekið augun í, eru margar teikningarnar í fréttabréfinu afar bágbornar, enda er ritstjórinn alls ekki annálaður fyrir teiknikunnáttu. Ef einhver gæti liðsinnt í þessu efni, væri gaman að heyra frá honum við tækifæri (Kristinn, '3KX, s.23533). Auðvitað er ekki verið að slægjast eftir neinum „listaverkum”, heldur væru hvers kyns skemmtilegar teikningar tengdar amatörradíói vel þagnar. Hvað segir þú ???

TF4JZN er nú kominn í loftið, en hann tók nýliðapróf sl. vor. Jóhanns hefur verið getið hér í Fréttabréfinu áður þar sem hann hefur sent okkur línur hingað suður og sagt frá stuttbylgjuhlustun sinni frá Mjólkárviðkjun. Ennþá hefur hann sent okkur bréf og fer það hér á eftir, nokkuð stytt:

„Loks varð af því að ég sendi þér línur af “aktívitetinu” hér á vesturvígstöðvunum. Fyrst skal nefna, að ég hef nú komið upp neti á 80m, dípól hengdan í miðjunni upp í 10m tréstaup („öfugt V”). Einnig hef ég hug á að koma upp neti á 15m, helzt delta-lykkju.

Tilraunasendingar eru þegar hafnar héðan og ég er orðinn svo flinkur að senda CQ og kallmerkið að margir gætu haldið að um C-leyfis mann með 10 ára reynslu á CW væri að ræða... Aðeins tvisvar hefur þetta glamur á 80m borið árangur náðst sambönd við TF-stöðvar. Þá hefur líklegast mesti glansinn farið af morsinu og einhverjir

kannski glott út í annað er þeir heyrðu í kappanum.

Hlustunarskilyrði hafa verið ágæt að undanförunu. 80m eru beztir á kvöldin um áttaleytið, en síðar hafa komið alls kyns óhljóð fram eftir nóttu sem kæfa flestöll merki, t.d. er hér oft hávært „hænu-gagg“ á 3.525 kHz. 40m eru oft nokkuð góðir og hér hef ég heyrt m.a. G-stöð með 2W. 20m hef ég lítið kannað, en 15m eru oft mjög góðir og þar hef ég heyrt S-Ameríku og Kyrrahafið á CW og SSB, einnig bandaríska nýliða ofan við 21.100 kHz. 10m eru stundum inni seinni hluta dags.

15m eru því ákjósanlegasta DX-bandið fyrir nýliða og gjarnan mætti PÍRA leggja mikið upp úr að eiga alltaf til allt efni í 15m sendi.

En vendum nú okkar kvæði í kross og andanum upp á hærri tíðnir, þ.e. VHF. Þegar ég var austur á fjörðum í sumar, varð ég nokkrum sinnum var við erlendar FM-útvarpsstöðvar á ómerkilegt ferðaviðtæki þrjónloftneti. Vil ég í þessu sambandi spyrja tveggja metra menn syðra hvort þeir hafi orðið varir við þessi skilyrði á sínum tækjum. Með þessari frómu spurningu slæ ég botn í bréfið.

73s de TF4JZN.”

DX-fréttir: Skilyrðin í september hafa verið mjög góð á 10,15 og 20 m böndunum. Sterk merki hafa komið frá kyrrahafssvæðinu, einkum á 20 m frá um 0630 GMT - 1030 GMT og svo aftur 1730 GMT -1930 GMT. Á 15 m hafa VK/ZL merki verið sterkust frá um 1100 GMT -1430 GMT. Einstaka VK (aðalega VK6) hefur komið í gegn á 10 m um 1200 GMT. 10 m bandið hefur komið mjög vel út og er greinilegt að þar fara skilyrði dagbatnandi.

20m CW CL0NA (0115),ZL2OM(0806),TI2LA(0830) ,VE1CR/1(2145)

SSB P29DP 1028),PZ1BK(1031),VE1CR/1(1909),KX6PP(1857)

15m CW VP8SN 1338),DJ3TF/HB0(T402),C02DR(2247),VE1CR/1(1857)

SSB 3B9CF 1805) ,A9XBS(1833) ,VE1CR/1 (1729) ,OH0AL(1627)

10m CW 7X4AN (1259),YV1BVJ(1333),PY2CPU(1851).VE1CR/1(1802)

SSB K6SVL/VP9(1518),ZP7BM(1906),VE1CE/1(2112),ZS1AX(1734)

-VE1CR/1 var DX-pedition á St. Paul Is. (VY0). QSL via VEJBTV.

-W3HNK, Joe, verður VP2EY, á Anguilla í Karabíska hafinu, 20. okt.

til 3. nov. en í CQ W kontestinum styttist kallmerkið niður í VP2E.

73's de TF3YH

DXCC-staðan:

TF3CW	203
TF3YH	187 Q
TF3JB	141
TF3US	111
TF3035	110 Q
TF3DC/	
TF5DC	107 Q
TF3KX	40
TF3ANN	1

WARC-79: Hefur þú heyrt WARC-79 getið?

Þetta er ráðstefna sem nú er um það bil að hefjast í Genf og hefur það hlutverk að skipuleggja radiótíðnisviðin fyrir næstu áratugi. Eiga þar sæti hlutaðeigandi aðilar frá fjölmörgum löndum, s.s. fulltrúar póst og síma málastjórna og einnig hefur alþjóða samtökum radióamatöra, IARU, verið boðið að senda þátttakendur, en að því er ég hef komið næst verða þeir aðeins áheyrnarfulltrúar. Þá munu amatórar sums staðar sækja ráðstefnuna sem fulltrúar landa sinna. Ekki er mér kunnugt um

hver sé fulltrúi/fulltrúar Íslands þar ytra.

Fyrir þessa ráðstefnu hafa fjölmargir aðilar lagt á sig gífurlega undirbúningsvinnu, þ.á.m. radióamatórar, sem hafa m.a. haldið undirbúningsráðstefnur fyrir WARC-79 og sótti TF3AX eina þeirra hér um árið. Komið hefur fram að margir hafa áhuga á að komast inn á tíðnisvið radióamatöra, s.s. stuttbylgjuútvarpsstöðvar og einkum í þróunarlöndunum. IARU hefur brugðizt gegn þessari ásælni með því gamla herbragði, að „sóknin sé bezta vörnin“. Hafa amatórar víðs vegar um heim sameinast um að óska eftir tilteknum nýjum tíðnisviðum í viðbót við þau gömlu, enda hefur sifelltil verið gengið á tíðnisvið amatöra undanfarna áratugi. Einkum er lögð áherzla á ný tíðnisvið við 10MHz og 18MHz og munu póst- og símastjórnir víða hafa tekið vel í það (sbr. Svía).

Í útvarpinu hafa borizt fregnir af ráðstefnunni og ber þar helzt til tíðinda að ósamkomulag er um hver skuli verða forseti hennar. Þannig mætti kannski búast við að hún drægist á langinn (sbr. hafréttarráðstefnuna), þótt áætlað sé að henni ljúki í lok nóvember. Ráðstefnuna sækja um 1500 fulltrúar frá 140 löndum.

Ertu félagi í ÍRA án amatörleyfis? Þá ættirðu að veita stuttbylgjuhlustun athygli. Allir geta fengið úthlutað hlustnúmeri án nokkurra prófa og látið prenta eigin QSL-kort til að senda út um heim til amatöra. Þetta hafa virkir hlustarar í félaginu gert (sbr.-Matta, TF3035, sem getið er hér að ofan í DXCC-listanum) og kortin streyma Inn til þeirra víðs vegar að úr heiminum. QSL-kortið getur verið einfalt og ódýrt (kvöldstundarvélritun/teikning + 5-10.000 kr. fjöl-ritun) en ef þú ert í vafa um gerð kortsins, getur verið ágætt að ráðfæra sig við aðra áður. GL es gud SWL.....

NB....



Seljum í stykkjástlu alls konar
rafeindæfni, eins og:
VIKÍM, ÞETTA, DÍÐUR,
TRANSISTORA, DVERGRÁSIR, O.M.FB...

Snafresur vörur frá JOSTY KIT, eins og:

- Dimmer AT 397,
- 2 Amper snertistilli,
- Ljósshow AT 468, 4x2 Amper,
- Spennubreyti NT 300, 2 Amper, 3-30 Volt,
- System Mix -ný tegund af hljóðmixer frá JOSTY KIT.

Íslenskur verk- og vörulisti.
Sendum í póstkröfu.

 **SAMEIND HF.**

GRETTISGATA 46 PÓSTHÓLF 1100 107 REYKJAVÍK
SÍMI 81-21006 NÁNNAL 2472-8014

Fékkst þú þér TROPICANA í morgun? -Sólargeslinn frá FLORIDA-

TÍZKUPERZLUN
Løngsvægi 37 og 89
sími 12861 Reykjavík



VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar

7000.-
-þú manst...



R-300 ALL BAND COMMUNICATIONS RECEIVER

- Eigum nú fyrirhugðandi R-300 stuttbylgjuvittækis frá TRIO.
- Tilvalið fyrir hlustara sem amatöra.
- Tekur á móti svo til samfelldu sviði frá 170kHz til 30MHz.
- SSB, CW og AM afstömun.
- Sérstakar tremur eru ífánlegar fyrir betri tífóndreifingu á amatöra- og útvarpsstöðvasviðunum.
- Stærni (S+N)/N 10 dB, v. 50mV/8 ohm, SSB/CW: Betri en 0,5µV alla stöðir á tífóndreifunum.
- Narrow/Side stilling.
- Gengur fyrir 220 V AC og 12 V DC.
- Og verði er hagstætt ndmá: 194.700.-

Hafðu samband við okkur...

FÁLKINN
SUÐURLANDSBRAUT 8
-sími 84670

FJÓLRITUNARSTOFA DANÍELS HALLDÓRSSONAR hefur fjölritað PRÉTTA-
bréfið á vildarkjörum og á þakki skildar fyrir, ásamt auglýsendum
og öðrum stuðningsaðilum.

PRÉTTARÉF I. R. A.

Útg.: Íslenskir raðíóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & Ábn.: Kristinn Andersen (TFXX), Sólvallag, 59, R.

Rfni sendist til: TFXX, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar

fyrir næstu dögðu.

